

III. KAFLI

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðargjald							
Allt að 400	545 000.00 kr.							
400— 2 000	545 000.00	— fyrir	400 m ³ +	435.00 kr./m ³	þar yfir			
2 000— 6 000	1 241 000.00	— —	2 000 —	+ 371.00	— — —			
6 000—10 000	2 725 000.00	— —	6 000 —	+ 327.00	— — —			
Meira en 10 000	4 033 000.00	— —	10 000 —	+ 283.00	— — —			

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

A. fyrir mæli allt að ¾"	kr. 80 000.00
B. fyrir mæli allt að 1½"	— 160 000.00
C. fyrir mæli allt að 3"	— 320 000.00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1980, 398 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A) Fastagjald kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
 B) Vatnsgjald kr. 2 450.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningagjald	kr. 885.00
Heitt vatn	— 1 565.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðargjald				
Allt að 600	567 840.00 kr.				
600— 2 000	567 840.00	— fyrir	600 m ³ + 354.00 kr./m ³	þar yfir	
2 000— 6 000	1 063 840.00	— —	2 000 — + 304.00	— — —	
6 000—10 000	2 279 840.00	— —	6 000 — + 264.00	— — —	
Meira en 10 000	3 335 840.00	— —	10 000 — + 233.00	— — —	

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 52 940.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húsiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 3 200.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

lðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 10.60 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 96.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 612.00.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 11 472.00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.